

Af hálfu ákærvalds er þessari kröfu mótmælt.

Mál það er verjandi vísar til var höfðað í héraði af ákærða gegn Jóhönnu Heiðdal o.fl. til greiðslu á skuldabréfum þeim sem ákærði er nú saksóttur fyrir að hafa ráðstafað í heimildarleysi (ákæra 30. nóvember 1983, I. kafli). Var krafa ákærða tekin til greina í héraðsdómi, en í Hæstarétti var héraðsdómur ómerktur og málinu vísað frá héraðsdómi ex officio sakir brests á glöggum málatilbúnaði af hálfu ákærða. Meðal dómara í því máli voru þrír af þeim dómurum sem nú sitja í dómi.

Eigi verður fallist á að nein hætta sé á að dómarar fái eigi litið óhlutdrægt á málavöxtu þótt þeir hafi tekið þátt í að dæma í framangreindu einkamáli, og verður kröfu verjandans því eigi sinnt.

Á l y k t a r o r ð:

Framangreindri kröfu er hafnað.

Miðvikudaginn 14. janúar 1987.

Nr. 339/1986. **Protabú Vörðufells hf.**

gegn

Ásgeiri Sigurðssyni

Kærumál. Beiðni um greiðslustöðvun synjað.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Magnús Þ. Torfason, Guðmundur Skaftason og Guðrún Erlendsdóttir.

Sóknaraðili skaut máli þessu til Hæstaréttar með kæru 17. desember 1986 samkvæmt heimild í 1. mgr. 10. gr. gjaldþrotalaga nr. 6/1978. Barst kæran Hæstarétti 23. s.m. Krefst sóknaraðili þess að hinn kærði úrskurður verði felldur úr gildi. Þá krefst hann kærumálskostnaðar að mati Hæstaréttar.

Frá varnaraðila hafa hvorki borist kröfur né greinargerð.

Varnaraðili óskaði eftir heimild til greiðslustöðvunar með vísan til 7. gr.laga nr. 6/1978 með beiðni 10. desember 1986. Var hinn kærði úrskurður kveðinn upp 11. s.m. Hann kveður tildrög beiðninnar vera mikinn fjárhagsvanda sinn um þessar mundir. Yfirvofandi sé uppboð á húseign hans, Brekkutanga 18 Mosfellssveit, annað og síðasta uppboð. Nauðsyn beri til að afstýra uppboðinu svo honum gefist ráðrúm til að koma nýrri skipan á fjármálin m.a. með sölu á lausafé sem hann á. Í framangreindri beiðni taldi hann skuldir sínar nema 2.650.000,00 krónum. Við skýrslutöku af varnaraðila fyrir skiptaréttinum upplýsti hann um skuldir, þessum til viðbótar, að fjárhæð ca 332.549,00 krónur, þannig að samkvæmt frásögn hans eru heildarskuldir tæpar 3.000.000,00 króna. Eignir sínar metur varnaraðili á samtals 7.690.000,00 krónur, þar af er húseignin nr. 18 við Brekkutanga í Mosfellssveit metin á brunabótaverði 5.610.000,00 krónur. Hús þetta segir hann vera 280 m² að flatarmáli á 3 hæðum. Aðrar framtaldar eignir eru 3 bifreiðar, skurðgrafa og jarðýta auk 300.000,00 króna inneignar hjá Mosfellshreppi vegna verktöku. Varnaraðili hefur ekki stutt framantalda eigna- og skuldaliði neinum gögnum.

Sóknaraðili kveðst hafa með uppboðsbeiðni 8.nóvember 1985 og uppboðsbeiðni í janúar 1986 krafist nauðungaruppboðs á Brekkutanga 18. Ákveðið hafi verið að annað og síðasta uppboð skyldi fara fram 10. febrúar 1986. Þá hafi því að beiðni varnaraðila verið frestað til 28. apríl s.á. og aftur til 22. ágúst s.á. og enn til 11. desember sl. Hafi varnaraðila þó með tilkynningu 29. ágúst 1986 verið gert kunnugt að frekari frestur yrði ekki veittur. Telur sóknaraðili að miðað við öll atvik málsins sé augljóst að varnaraðili sé að verða sér úti um greiðslustöðvun til að fresta uppboðinu og ekki til annars, en sú ástæða ein nægi ekki til að heimila greiðslustöðvun. Þá telur sóknaraðili einnig að eins og eignum og skuldum varnaraðila sé háttað séu ekki fyrir hendi efnislegar forsendur til að veita heimild til greiðslustöðvunar.

Pegar litið er til aðdraganda og atvika málsins og þess sérstaklega, að varnaraðili þykir ekki hafa sýnt fram á að hann eigi í verulegum fjárhagsörðugleikum í merkingu 7. gr. laga nr. 6/1978 þykja ekki skilyrði til að heimila greiðslustöðvun. Ber því að fella hinn kærða úrskurð úr gildi.

Það er athugavert að í beiðni varnaraðila um greiðslustöðvun gætir ónákvæmni í framtali skulda og auk þess er beiðnin ekki studd neinum gögnum sem þó hefði verið eðlilegt eins og málið er vaxið.

Eftir þessum úrslitum verður varnaraðili dæmdur til að greiða sóknaraðila 7.500,00 krónur í kærumálskostnað.

D ó m s o r ð:

Hinn kærði úrskurður er úr gildi felldur.

Varnaraðili, Ásgeir Sigurðsson, greiði sóknaraðila, þrotabúi Vörðufells hf. 7.500,00 krónur í kærumálskostnað að viðlagðri aðför að lögum.

Úrskurður skiptaréttar Kjósarsýslu 11. desember 1986.

Ásgeir Sigurðsson, nnr. 0676-3448, Brekkutanga 18, Mosfellssveit, hefur heimild til greiðslustöðvunar í allt að 2 mánuði frá uppkvaðningu úrskurðar þessa, samkvæmt heimild í II. kafla gjaldþrotalaga nr. 6 frá 1978 og með þeim réttindum og skyldum sem þar greinir.

Miðvikudaginn 14. janúar 1987.

Nr. 107/1986. **Guðmundur Árnason**

(Arnmundur Backman hrl.)

gegn

Tálkna hf.

(Skarphéðinn Þórisson hrl.)

Ómerking. Heimvísun.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Magnús Þ. Torfason, Guðmundur Skaftason og Guðrún Erlendsdóttir.